

Nefndarsvið Alþingis,  
b.t. Atvinnuveganefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10,  
101 Reykjavík



Reykjavík, 24. Nóvember 2023

**Efni: Umsögn um til þingsályktunar um nýsköpunar-, rannsóknar- og þróunarsjóðs ferðaþjónustunnar, 62. mál.**

Óskað var eftir umsögn Samtaka ferðaþjónustunnar (SAF) um þingsályktunartillögu um nýsköpunar-, rannsóknar- og þróunarsjóð ferðaþjónustunnar í erindi nefndarsviðs Alþingi sem barst SAF þann 9. nóvember síðastliðinn.

Ljóst er að rík ástæða er til að stórauka fé til rannsókna í ferðaþjónustu. SAF hafa lengi talað fyrir þörf á auknum rannsóknum og gagnaöflun í greininni, bæði ef litið er til framlags ferðaþjónustu til hins opinbera og hvaða fé rennur til annarra grunnatvinnugreina þjóðarbúsins. Ferðaþjónusta hefur dregið stutta stráíð um alltof langt skeið og í því samhengi telja SAF það ágætt að málið sé tekið upp.

SAF vilja ítreka þær áherslur sem fram komu í minnisblaði ráðgefandi nefndar um gagnaöflun og rannsóknir sem starfar samkvæmt reglugerð nr. 20/2020 til fyrrgreinds stýrihóps. Þar kemur meðal annars fram að „miklu minna fé bæði mælt í krónutölu og miðað við framlag til vergrar landsframleiðslu er varið til gagnaöflunar og rannsókna í ferðaþjónustu en í öðrum grunnatvinnuvegum landsmanna, þ.m.t sjávarútvegi, orkuframleiðslu og landbúnaði. Afleiðingin er óhjákvæmilega veikari þekkingargrundvöllur og þar með næstum örugglega lakari ákvörðunartaka bæði um skipulag og umgjörð ferðaþjónustunnar og einstakar framkvæmdir innan hennar en æskilegt er“. Þá leggur nefndin til hugmyndir að úrbótum í fyrrnefndu minnisblaði og telur afar mikilvægt að stórauka þurfi fjárframlög til gagnaöflunar og rannsókna á sviði ferðaþjónustu þannig að greinin standi jafnfætis öðrum grunnatvinnugreinum. SAF taka heilshugar undir niðurstöðu nefndarinnar.

Aftur á móti, vilja SAF fylgja því eftir sem kemur fram í fyrstu drögum að aðgerðum í aðgerðaráætlun fyrir ferðamálastefnu til 2030. Mikilvægt er að allir aðilar gangi í takt og mælist SAF til að beðið verði eftir endanlegum tillögum stýrihóps fyrrgreindrar aðgerðaráætlunar er starfar nú á vegum menningar- og viðskiptaráðuneytisins sem boðaðar eru að verði tilbúnar í byrjun næsta árs.

SAF telja jafnframt mikilvægt að horft verði til þess sem nú þegar er verið að gera innan ferðaþjónustunnar, meðal annars til hlutverks Ferðamálastofu, Rannsóknarmiðstöðvar Ferðamála og augljóslega samstarfs við atvinnugreinina sjálfa. Huga þarf að hagnýtum rannsóknum í samvinnu við atvinnugreinina og hvernig rannsóknir og gagnaöflun nýtast ferðaþjónustunni betur til framtíðar og þeim rekstraraðilum sem starfa innan hennar.

*Virðingarfyllst*

*f.h. Samtaka ferðaþjónustunnar*

*Ágúst Elvar Bjarnason*

*Ágúst Elvar Bjarnason, verkefnastjóri*